

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti vegna Grandatraðar 5, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti í umboði bæjarstjórnar breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, á fundi sínum þann 11. janúar 2000.

Breytingin varðar tilfærslu á byggingareit á lóðinni nr. 5 við Grandatröð.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstaka aðilar verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 9. febrúar 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

7. febrúar 2000

Nr. 95

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 2000.

1. gr.

Frá kl. 20.00 9. apríl til kl. 20.00 15. apríl 2000 eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi 90° frá Stokksnesi og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita. Frá línu réttvísandi 90° frá Stokksnesi að línu réttvísandi 270° frá Garðskagavita markast svæðið að utan af línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins. Þaðan markast ytri mörk svæðisins af línu, sem dregin er um punkta í 4ra sjómílna fjarlægð í tilgreindar réttvísandi stefnur frá eftirgreindum stöðum:

- | | |
|------------------------------|-------------------------------|
| 1. 270° frá Hjörsey | 5. 360° frá Öndverðarnesvita |
| 2. 180° frá Malarrifsvita | 6. 360° frá Töskuvita við Rif |
| 3. 270° frá Tröllakirkju | 7. 250° frá Skorarvita |
| 4. 270° frá Öndverðarnesvita | |

2. gr.

Frá kl. 20.00 15. apríl til kl. 10.00 24. apríl 2000 eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi. Þaðan er línan dregin í punkt 63°08'0 N og 19°57'0 V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt 64°43'7 N og 24°12'0 V og þaðan í